

VII. KAFLI

Um breytingu samþykktá og hvernig samþykkt verði felld úr gildi.

23. gr.

Tillögur er fram kunna að koma til breytingar á samþykkt þessari, skulu lagðar fyrir aðalfundi búnaðarfélaganna og síðan fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti % atkvæða í hvoru félagi, skal stjórnin senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

24. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi að aðalfundur búnaðarfélaganna samþykki það hvor um sig, og aðalfundur ræktunarsambandsins með $\frac{3}{5}$ greiddra atkvæða, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

25. gr.

Nú óska Búnaðarfélag Húsavíkur og Búnaðarfélag Flateyjarhrepps að gerast aðilar að ræktunarsamþykkt þessari og þátttakendur í ræktunarsambandinu, skal þeim það þá heimilt, þegar löglegur undirbúningur hefur farið fram.

26. gr.

Nú verður ræktunarsambandið leyst upp og skal þá öllum eignum þess skipt á milli búnaðarfélaganna, er að því standa, í sömu hlutföllum og félögin greiddu stofnfjárframlagið í upphafi.

27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

28. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946, um jarðræktarsamþykktir, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. marz 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu frá 1. maí 1929.

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. sýsluvegasamþykktarinnar orðist svo:

Þessir eru aðalsýsluvegir í Mýrasýslu:

1. Hvítársíðuvegur: Frá Bjarnastöðum að Fljótstungu.
2. Þverárhliðarvegur: Frá Högnastöðum að Hermundarstöðum.
3. Glitstaðavegur: Frá Þjóðveginum hjá Hreðavatnsskála að Glitstöðum.
4. Ásbjarnarstaðavegur: Frá Kleifavegi að Selhaga.
5. Flóðatangavegur: Frá Stafholti að Flóðatanga.

- 51 6. Ferjubakkavegur: Frá Borgarnesbraut hjá Brennistöðum um Ferjubakka á
26. marz Hvítárbraut hjá Steinsási.
7. Valbjarnarvallavegur: Frá Borgarfjarðarbraut fyrir ofan Galtarholt að Litla-
Fjalli.
8. Grímsstaðavegur: Frá Stykkishólmsvegi hjá Urriðaarbrú að Syðri-Hraundal.
9. Hofstaðavegur: Frá Vogalæk að Álftárósi.
10. Álftanesvegur: Frá Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að Álftanesi.
11. Staðarhraunsvegur: Frá Stykkishólmsvegi við Raftás að Hítardal.
12. Einholtavegur: Frá Stykkishólmsvegi hjá Fíflholtum um Einholt að Stóra-
Kálfalæk.
- Þessir eru aukasýsluvegir í Mýrasýslu:
1. Gilsbakkavegur: Frá Hellisgili fyrir sunnan Gilsbakka að Barnafossubrú.
 2. Veiðilækjarvegur: Frá Þjóðveginum hjá Lækjarkoti, um Lækjarkot, Höll að
Veiðilæk.
 3. Steinavegur: Frá Þjóðveginum hjá Lundum að Steinum.
 4. Neðra Nesvegur: Frá Þjóðveginum hjá Þverbrekkum um Hamraenda að Þverá
móts við Neðra-Nes.
 5. Stangarholtsvegur: Frá Stykkishólmsvegi hjá Langárbrú að Stangarholti.
 6. Rauðanesvegur: Frá Stykkishólmsvegi fyrir vestan Borg um Þursstaði að Rauða-
nesi.
 7. Álftártunguvegur: Frá Stykkishólmsvegi hjá Álftárbrú að Álftártungu.
 8. Seljavegur: Frá Hraunhreppsvegi hjá Jaðri um Hundastapa, Selja að Hesta-
keldu.

2. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt nr. 137 7. júní 1943 um
breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Mýrasýslu frá 1. maí 1929.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt, samkv.
lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum
þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 26. marz 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Suðurfjarðahrepps.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Suðurfjarðahrepps er fyrirtæki, sem Suðurfjarðahreppur starfrækir
í þeim tilgangi að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar,
iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign hreppsins, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafn-
inu Rafveita Suðurfjarðahrepps og hafa sérstakt reikningshald.